



## Fundargerð

19. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2016-2018, haldinn í fundarsal C í ÍSÍ þriðjudaginn 16. maí 2017.

Mætt: Freyr Ólafsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Gunnar Svavarsson, Lóa Björk Hallsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson og Guðmundur Karlsson. Formaður setti fund klukkan 17:45 og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Val á Smáþjóðaleikana samþykkt rafrænt á milli funda 18. fundargerð samþykkt rafrænt.

### 2. Drög að fjárhagsuppgjöri fyrstu 3 mánuði ársins.

Gjaldkeri lagði fram fjárhagsuppgjör Q1 2017. Umræða um sjóðstreymi úr afrekssjóð innan ársins. Rekstur sambandsins er í samræmi við áætlun ársins. Veruleg breyting á skuldum sambandsins en skammtímaskuldir hafa lækkað um 1,5 milljón miðað við samanburðartímabil.

### 3. Helstu stórverkefni framundan.

Smáþjóðaleikar og Evrópubíkar, verið er að byrja undirbúning og leggur framkvæmdastjóri til að sambandið eigi þar fulltrúa. Stjórn tekur undir að þá umræðu að mikilvægt sé að fylgja verkefnum eftir af hálfu sambandsins á stjórnarsýslulegum vettvangi.

Umræða um Hlaupaverkefni- FRÍ vottun. Verkefnastjóra FRÍ mun vinna að verkefninu í sumar til skilgreiningar og áætlunargerðar.

Umræða um upplýsingar og boðmiðlun frá skrifstofu til aðildarfélaga og stjórnar.

### 4. Tillaga að nýjum formanni Fræðslu- og útbreiðslunefndar

Kári Jónsson stígur til hliðar sem formaður nefndarinnar vegna anna. Stjórn FRÍ þakkar Kára fyrir góð og fagleg störf í hvívetna og vonar að leiðir liggja saman síðar meir í störfum fyrir sambandið, þá sem endranær. Tillaga að nýr formaður nefndarinnar verði Gunnhildur Hinriksdóttir. Samþykkt samhljóða.

### 5. Niðurstaða vinnuhóps um víðavangshlaup - NM í víðavangshlaupi.

Frestað til næsta fundar.

### 6. Blönduð keppni karla og kvenna - Yngri aldursflokkar

Umræða um tillögu að hægt verði í ákveðnum aldursflokkum að heimila blandaða keppni. Samþykkt að framkvæmdastjóri geri laganefnd grein fyrir málinu. Málið verði síðan tekið aftur fyrir, rafrænt eða á fundi.

### 7. Tilfærsla á mótum milli keppnisvalla

Umræða um tilfærslu og sameiningu á MÍ í 5 og 10 km og MÍ öldunga og fjölþraut. Samþykkt að skoða frekar möguleika að að halda mótin í júlí. Framkvæmdastjóra farlið að ganga frá málinu við hlutaðeigandi félög, Fjölni og Breiðablik og upplýsa stjórn jafnharðan um framvindu málsins.

### 8. Formannafundur FRÍ að vori og afreksumræða.

Ákveðið að færa Formannafund til kvölds 1. júní vegna dræmrar mætingar á laugardegi.



Fundargerð ritaði Lóa Björk Hallsdóttir